



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## SAMÚÐARKVEÐJA TIL SPÁNARKONUNGS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi Felipe IV Spánarkonungi samúðarkveðju fyrir hönd íslensku þjóðarinnar í dag vegna hryðjuverksins sem framið var í Barcelona í gær.

Í kveðjunni segir forseti að þeir sem vilji verja frelsi og öryggi í Evrópu þurfi sem fyrr að standa saman gegn þeirri ógn sem saklausu fólki stafi af ódæðum öfgamanna, miskunnarleysi þeirra og mannhatri. Hugur Íslendinga sé með Spánverjum í sorg þeirra.

*18. ágúst 2017*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*